

Endurskoðun á varnarlinum vegna sauðfjársjúkdóma

Greinargerð

3/15/2017

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR OG VERKEFNI STARFSHÓPSINS.....	2
A. VARNARLÍNUR.....	2
B. ENDURSKOÐUN VARNARLÍNA.....	3
C. STARFSHÓPUR OG VERKEFNIÐ.....	3
2. NIÐURSTÖÐUR OG HELSTU TILLÖGUR.....	4
A. SUÐVESTURUMDÆMI.....	4
B. VESTURUMDÆMI.....	4
C. NORÐVESTURUMDÆMI.....	4
D. NORÐAUSTURUMDÆMI.....	4
E. AUSTURUMDÆMI.....	4
F. SUÐURUMDÆMI.....	4
3. SAUÐFJÁRSJÚKDÓMAR.....	4
A. RIÐA.....	4
B. NOR98 RIÐA.....	5
C. GARNAVEIKI.....	6
4. LÖG OG STJÓRNVALDSFYRIRMÆLI UM SAUÐFJÁRSJÚKDÓMA.....	6
5. HELSTU SKILGREININGAR.....	7
6. SEX UMDÆMI HÉRAÐSDÝRALÆKNA.....	8
A. SUÐVESTURUMDÆMI.....	8
B. VESTURUMDÆMI.....	9
C. NORÐVESTURUMDÆMI.....	10
D. NORÐAUSTURUMDÆMI.....	11
E. AUSTURUMDÆMI.....	12
F. SUÐURUMDÆMI.....	13
7. TILLÖGUR TIL BÆNDA.....	14
A. VESTURUMDÆMI.....	14
B. NORÐVESTURUMDÆMI.....	14
C. NORÐAUSTURUMDÆMI.....	14
D. AUSTURUMDÆMI.....	14
8. VIÐBRÖGÐ BÆNDA.....	14
A. VIÐBRÖGÐ BÆNDA VIÐ TILLÖGUM Á VESTURLANDI/VESTFJÖRÐUM.....	14
B. VIÐBRÖGÐ BÆNDA VIÐ TILLÖGUM FYRIR NORÐURLAND VESTRA.....	15
C. VIÐBRÖGÐ BÆNDA VIÐ TILLÖGUM Á NORÐURLANDI EYSTRÁ.....	17
D. VIÐBRÖGÐ BÆNDA VIÐ TILLÖGUM Á AUSTURLANDI.....	17
9. NIÐURSTÖÐUR HÓPSINS.....	18
A. SUÐVESTURUMDÆMI.....	18
B. VESTURUMDÆMI.....	18
C. NORÐVESTURUMDÆMI.....	19
D. NORÐAUSTURUMDÆMI.....	19
E. AUSTURUMDÆMI.....	20
F. SUÐURUMDÆMI.....	20
G. ALMENNAR ATHUGASEMDIR STARFSHÓPSINS.....	20
10. VIÐAUKI I.....	21
11. VIÐAUKI II.....	22

1. Inngangur og verkefni starfshópsins.

a. Varnarlínur.

Á fjórða áratug síðustu aldar var Íslandi skipt upp í sóttvarnarsvæði (varnarhólf), sem afmörkuð eru með girðingum eða náttúrulegum hindrunum. Upphaflegur tilgangur þessa fyrirkomulags var að varna útbreiðslu sauðfjár sjúkdóma sem borist höfðu með innflutningi á karakúlfé frá Þýskalandi árið 1933. Um var að ræða sjúkdómana garnaveiki og mæðiveiki (votamæði og þurramæði). Varnarhólfin voru liður í aðgerðum sem ráðist var í til útrýmingar á sjúkdómunum. Sauðfé var fargað á sýktum svæðum og nýtt tekið í staðinn frá ósýktum svæðum. Votamæði var útrýmt árið 1952 en þurramæði árið 1965. Ekki tókst jafn vel til með garnaveiki og er hún enn til staðar. Eftir að bólusetning var tekin upp hefur tíðni garnaveiki þó minnkað mikið og hefur henni verið útrýmt á nokkrum svæðum.

Í dag gegna varnarlínurnar mikilvægu hlutverki í aðgerðum sem lúta að upprætingu riðuveiki. Ennfremur hafa varnarlínurnar mikilvægu hlutverki að gegna við að stemma stigu við útbreiðslu nýrra smitsjúkdóma.

Strangar reglur gilda um flutning á lifandi dýrum, tækjum og ýmsum varningi yfir varnarlínur. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 er Matvælastofnun heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji stofnunin að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra. Í lögunum segir ennfremur að óheimilt sé að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur, nema þegar um er að ræða endurnýjun bústofns vegna niðurskurðar af völdum sjúkdóma og/eða vegna búháttabreytinga. Þar segir einnig að sleppi sauðfé yfir varnarlínur skuli því slátrað. Nautgripi og geitur má aðeins flytja til lífs yfir varnarlínur að fram hafi farið sérstök rannsókn á heilbrigði þeirra. Nákvæmari ákvæði um flutning yfir varnarlínur er að finna í reglugerð um útrýmingu á riðuveiki (nr. 651/2001) og reglugerð um flutning líflamba (nr. 550/2008).

Til að auðvelda eftirlit eru mismunandi litir hafðir á eyrnamerkjum í sauðfé eftir því hvaða varnarhólfi það tilheyrir.

Í auglýsingu nr. 793/2009 um varnarlínur vegna sauðfjár sjúkdóma, með síðari breytingum, er landinu skipt upp í varnarsvæði. Vegna ólíkrar sjúkdómastöðu í þessum varnarsvæðum gilda mismunandi reglur um flutninga á lifandi fé frá og innan þessara svæða.

Skýringar þessar eru settar fram til að draga fram í hvaða tilvikum heimilt er að flytja lifandi fé milli og innan varnarsvæða. Sömuleiðis er ætlunin að veita upplýsingar um hvaða svæði innan sýktra varnarsvæða teljast ósýkt í skilningi reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar, með síðari breytingum.

Samkvæmt reglugerð nr. 651/2001 er óheimilt að flytja sauðfé til lífs milli hjarða af sýktu svæði og innan þess. Það þýðir að óheimilt er að flytja lifandi fé milli hjarða á og af sýktum landsvæðum innan varnarhólfa þar sem riðuveiki hefur verið staðfest á sl. 20 árum, hinsvegar tekur þetta bann ekki til ósýktra landsvæða innan þessara varnarhólfa.

Samkvæmt reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar er hægt að skipta varnarsvæðum í neðangreinda þrjá flokka:

Ósýkt varnarsvæði, til þessara svæða teljast varnarhólf þar sem riða hefur ekki fundist sl. 20 ár. Eftirfarandi hólf teljast í dag ósýkt:

Vesturlandshólf, Snæfellsneshólf, Dalahólf, Vestfjarðahólf eystra, Vestfjarðahólf vestra, Miðfjarðarhólf, Grímsey, Eyjafjarðarhólf, Suðausturlandshólf, Örafahólf, Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólf, Rangárvallahólf, Grímsnes- og Laugardalshólf, Vestmannaeyjar.

Í fjórum hólfum hefur aldrei greinst riða og eru það einu hólfin sem mega selja líflömb yfir varnarlínur. Það eru Snæfellsneshólf, Vestfjarðahólf eystra, Örafahólf og N-Þingeyjarsýsluhluti Norðausturhólfs.

Sýkt varnarsvæði, til þessara svæða teljast varnarhólf þar sem riða hefur greinst á sl. 20 árum og ekki er gerður greinarmunur á sýktum og ósýktum svæðum í hólfinu. Eftirfarandi hólf teljast í dag sýkt:

Vatnsneshólf, Húnahólf, Skagahólf, Héraðshólf, Austfjarðahólf, Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf, Biskupstungnahólf.

Svæðisskipt varnarsvæði, þar sem hólfinu er skipt upp í sýkt og ósýkt svæði og ólíkar reglur gilda um flutning á lifandi fé eftir því hvort um er að ræða fé á sýkta eða ósýkta svæðinu. Eftirfarandi hólf teljast í dag sýkt að hluta:

Landnámshólf (Sveitarfélögin Ölfus, Hveragerði og Árborg og Grafningur í Grímsnes og Grafningshreppi), Tröllaskagahólf (Dalvíkurbyggð norðan Hámundarstaða), Skjálfandahólf (allt nema Skútustaðahreppur og Engidalur og Lundarbrekka og bæir þar fyrir sunnan), Norðausturhólf (Jökuldalur og Jökulsárhlíð austan (sunnan) Smjörfjallalínu).

b. Endurskoðun varnarlína.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim er ráðherra falið að ákveða, að fengnum tillögum Matvælastofnunar hvaða varnarlínum skuli haldið við og ef nauðsyn krefur hvort setja eigi upp nýjar varnarlínur.

Um varnarlínur gildir nú auglýsing nr. 793/2009 um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma, með síðari breytingum en auglýsingunni var síðast breytt með auglýsingu nr. 867/2010. Um legu varnarlína er fjallað í 1. mgr. 23. gr. laga um dýrasjúkdóma.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sendi Matvælastofnun bréf, dags. 18. desember 2014, þess efnis að viðhaldi á tilteknum varnarlínum væri ábótavant og af því tilefni hygðist ráðuneytið endurskoða auglýsingu um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma. Með vísan í 12. gr. laga um dýrasjúkdóma óskaði ráðuneytið eftir tillögum frá Matvælastofnun um, hvaða varnarlínum ætti að halda við og eftir atvikum hvaða varnarlínur stofnunin mælti með að lagðar yrðu niður. Matvælastofnun skilaði af sér álitni þar sem farið var yfir hvert varnarhólf og varnarlínur sem afmarka þau. Í bréfinu vakti Matvælastofnun máls á því að ef ráðuneytið hygðist breyta auglýsingu nr. 793/2009 um varnarlínur og/eða breyta reglugerðum tengdum varnarlínum þá legði Matvælastofnun áherslu á að fyrirhugaðar breytingar yrðu fyrst bornar undir hagsmunaaðila, samtök bænda, vísindamenn á Keldum auk annarra aðila eða skipa sérstakan vinnuhóp undir stjórn ráðuneytisins. Mikilvægt væri að sátt næðist í samfélaginu yrðu gerðar einhverjar breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

c. Starfshópur og verkefnið.

Í maí árið 2016 ákvað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp til að skila tillögum til ráðuneytisins um endurskoðun auglýsingar um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma. Í tillögunum skyldi koma fram hvaða varnarlínum skyldi halda við og eftir atvikum hvaða varnarlínur starfshópurinn mælti með að lagðar yrðu niður, ásamt greinargerð þar að lútandi.

Starfshópurinn var þannig skipaður:

Baldur Arnar Sigmundsson, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, formaður, skipaður án tilnefningar.

Oddný Steina Valsdóttir, sauðfjárþóndi, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands.

Sigrún Bjarnadóttir, dýralæknir sauðfjár og nautgripasjúkdóma, tilnefnd af Matvælastofnun/yfirdýralækni.

Stefanía Þorgeirsdóttir, sérfræðingur á Keldum, tilnefnd af Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Starfshópurinn hittist á alls sex fundum, frá 6. júní 2016 til 31. janúar 2017. Ákveðið var að skipta landinu upp í sex svæði í samræmi við skiptingu héraðsdýralækna á landinu. Hinn 5. október var þeim öllum sendur tölvupóstur þar sem starfshópurinn var kynntur og þau beðin um að íhuga hvaða varnarlínum ætti að halda óbreyttum að þeirra mati, hvort færa mætti varnarlínur og/eða sameina mætti varnarhólf. Allir héraðsdýralæknarnir skiluðu inn álitni og í kjölfarið kallaði starfshópurinn alla héraðsdýralæknana til fundar. Halldór Runólfsson fyrrverandi yfirdýralæknir sat að auki einn fund með hópnum. Skýrsla þessi er afrakstur starfshópsins.

2. Niðurstöður og helstu tillögur.

a. Suðvesturumdæmi.

Starfshópurinn leggur til að varnarlínur í umdæminu haldist óbreyttar.

b. Vesturumdæmi.

i. Kollafjarðarlína.

Starfshópurinn leggur til að líflambasölusvæði í núverandi Vestfjarðarhólfi eystra verði varið hvað svo sem gert verði við Kollafjarðarlínu. Kollafjarðarlína í núverandi mynd er hættuleg og gagnslaus sökum lítils viðhalds í langan tíma.

ii. Aðrar varnarlínur í umdæminu.

Starfshópurinn leggur til að aðrar varnarlínur í umdæminu haldist óbreyttar.

c. Norðvesturumdæmi.

Starfshópurinn leggur til að varnarlínur í umdæminu haldist óbreyttar.

d. Norðausturumdæmi.

i. Eyjafjarðarlína.

Starfshópurinn leggur til að Eyjafjarðarlína, varnarlína 15, verði færð að Mjaðmá að Skjónafelli og að Miklafelli í Hofsjökli.

ii. Aðrar varnarlínur í umdæminu.

Starfshópurinn leggur til að aðrar varnarlínur í umdæminu haldist óbreyttar.

e. Austurumdæmi.

Starfshópurinn leggur til að varnarlínur í umdæminu haldist óbreyttar.

f. Suðurumdæmi.

Starfshópurinn leggur til að varnarlínur í umdæminu haldist óbreyttar.

3. Sauðfjársjúkdómar.

a. Riða.

Riða er smitandi miðtaugakerfissjúkdómur í kindum og geitum og er einn af svokölluðum prionsjúkdómum. Til þeirra teljast einnig kúariða í nautgripum og svipaðir sjúkdómar finnast í minkum og hjartardýrum, en enginn þeirra hefur greinst hér á landi. Þessir sjúkdómar eru ólæknandi, með langan meðgöngutíma og ekkert þekkt bóluefni er til. Prionsjúkdómar voru lengi taldir vera hæggengir veirusjúkdómar en eru nú almennt taldir vera af völdum smitandi próteins. Príonpróteinið finnst á eðlilegu formi í öllum spendýrum en við smit ræðst príonpróteinið á umbreyttu formi á príonprótein hýsils og breytir því í sína mynd. Við það verður keðjuverkun og uppsöfnun á óeðlilegu príonpróteini í heilavef. Við umbreytinguna verður próteinið þolið gegn niðurbroti og hleðst því smám saman upp í heilanum. Auk próteinasa getur hið ummyndaða príonprótein þolað öll hefðbundin hreingerningar- og sóttgreinsiefni svo sem sápur og etanol, en þolir hins vegar ekki klór eða natríum hydroxíð. Þetta mikla þol príonpróteinsins er talin ástæðan fyrir langlífi þess í umhverfinu og gæti útskýrt einhver tilfelli af endurtekinni riðu á bæjum hér á landi.

Erfðauppbygging kindanna er talin skipta máli fyrir smitnæmi, en rannsóknir hafa sýnt að vissar arfgerðir af priongeninu eru algengari í riðufé en í heilbrigðu fé, en þessar upplýsingar má nýta við kynbætur til varnar sjúkdómnum. Það er breytileiki á þremur stöðum í príonpróteininu sem skiptir mestu máli í sambandi við smitnæmi, en komið hefur í ljós að mikilvægi hans er mismunandi eftir fjárkynjum og riðuafbrigðum. Rannsóknir á íslensku sauðfé hafa sýnt fram á annars vegar

áhættuarfgerð, og hins vegar arfgerð með lága áhættu, en sú arfgerð sem er talin mest verndandi, hefur ekki greinst hér á landi.

Riða er talin hafa borist í íslenskt sauðfé fyrir tæpum 140 árum, með innfluttum hrút frá Englandi. Fyrstu 70 árin fannst sjúkdómurinn eingöngu á Norðurlandi, en um miðja síðustu öld hafði hann breiðst til annarra landshluta. Útbreiðsla og tíðni riðu hér á landi náði hámarki um miðjan níunda áratuginn en þá hafði hún breiðst út um mest allt land. Varnargirðingar, sem reistar voru vegna útrýmingar á mæði-visnu, skipta nú landinu í 26 varnarhólf. Þær urðu þess valdandi að riðan barst ekki inn á nokkur þessara varnarsvæða, sem eru Strandir, Snæfellsnes, Örfæfi og Þistilfjörður, og eru þau enn riðulaus. Síðan 1986 hefur stefna stjórnvalda verið að útrýma sjúkdómnum og er því öllu fé fargað á bæjum þar sem riða greinist og fjárhús sóttþreinsuð. Eftir tvö til þrjú fjárlaus ár geta bændur endurnýjað fjárstofn sinn, en eingöngu með fé frá riðulausum svæðum. Ekki hefur enn tekist að útrýma sjúkdómnum þrátt fyrir niðurskurð og sérstakar hreinsunaraðgerðir á riðubæjum. Undanfarin ár hafa komið upp nokkur tilfelli á ári sem valda viðkomandi sauðfjárbændum tilfinnanlegu tjóni. Athyglisvert er að í sumum tilvikum er um endurtekna riðu að ræða, þ.e. sjúkdómurinn er að koma upp á sama bæ nokkrum árum eftir sóttþreinsun og fjárskipti, en einnig getur verið um lengri tíma milli tilfella að ræða.

Riðusjúkdómurinn einkennist af löngum meðgöngutíma og einkennalaus sýking stuðlar að aukinni útbreiðslu sjúkdómsins. Kindur sem veikjast eru yfirleitt á aldursbilinu 2-5 ára, en hafa líklega smitast nokkrum árum fyrr. Smitefni finnst aðallega í heila og eitilvef, en getur skilist út með ýmsum líkamsvessum t.d. mjólk, munnvatni, þvagi og saur, þannig að hugsanlegar smitleiðir eru nokkrar, en mesta smithættan er þó talin vera um og eftir sauðburð og þá aðallega með hildum. Helstu einkenni riðu eru kláði, jafnvægisleysi og skjálfti (riða), svar við klóri og ullar- og þyngdartap. Einkennin gefa aðeins vísbendingu um smit en til að staðfesta grun um sjúkdóm þarf að taka sýni úr heila og senda í rannsókn. Við skimun fyrir riðu í sauðfé eru notuð próf sem byggjast á einangrun smitefnis úr heilavef og mælingu á magni þess með ónæmisprófi. Árlega eru prófuð nokkur þúsund heilasýni úr fullorðnu fé úr sláturhúsum, auk sýna úr kindum sem sýna einkenni og áhættuhópum. Þessar rannsóknir eru gerðar á Tilraunastöð H.Í. í meinafræði að Keldum í samstarfi við Matvælastofnun sem fer með eftirlitsskyldu með sjúkdómnum.

b. Nor98 riða.

Árið 1998 greindist óvenjuleg tegund riðu í sauðfé í Noregi, síðar kölluð Nor98 riða, en hún reyndist að mörgu leyti ólík hinni hefðbundnu riðu sem lengi hefur verið vandamál hér á landi. Þetta afbrigði riðu, flokkað sem óvenjuleg riða, hefur nú fundist í flestum löndum Evrópu, þar á meðal Íslandi. Nor98 riðutilfelli greinast yfirleitt í eldra fé (> 4 vetra), oft án sjúkdómseinkenna og í flestum tilvikum er bara ein kind sem greinist í hverri hjörð.

Einkenni hjá Nor98 kindum, ef einhver eru til staðar, geta verið margvísleg, svo sem tin, skert jafnvægi og breytt hegðun. Dreifing vefjaskemmda er ólík því sem þekktist í hefðbundinni riðu að því leyti að skemmdir eru mestar í litla heila og heilaberki í stað heilastofns og mænukylfu. Smitefnið finnst aðallega í litla heila í stað mænukylfu, og ekkert í eitilvef. Einnig má nefna öðruvísi sykrunarprófil, sem er grundvöllur aðgreiningar Nor98 frá hefðbundinni riðu. Áhætta tengd erfðum snýst við, þ.e. Nor98 riða finnst í kindum sem bera arfgerðir sem áður hafa verið tengdar við vernd gegn riðu.

Þessi tegund riðu virðist lítið eða ekkert smitandi og þekktir áhættuþættir riðu, eins og flutningur á dýrum og nán samskipti milli dýra, virðast ekki eiga við. Kenningar eru uppi um að Nor98 tilfelli gætu verið vegna stökkbreytingar en ekki vegna utanaðkomandi smits og því geti verið um að ræða nokkurs konar sjálfsprottinn sjúkdóm. Þess ber þó að geta að smittilaunir hafa sýnt að hægt er að smita dýr með Nor98 riðu, þó ýmislegt bendi til að það gerist ekki við náttúrulegar aðstæður.

Upptaka nýrra skimunarprófa árið 2004 leiddi til greiningar á fyrsta tilfellinu hér á landi og hefur Nor98 riða nú greinst á sjö bæjum. Í ljósi upplýsinga um eiginleika og faraldsfræði þessa nýja riðuafrigðis voru viðbrögð við Nor98 tilfellum endurskoðuð árið 2012 og síðan þá hefur ekki verið skorið niður fé á þeim bæjum þar sem þetta afbrigði greinist, nema þá eldri kindur í hjörðinni.

c. Garnaveiki.

Garnaveiki er ólæknandi smitsjúkdómur, sem leggst á öll jörturdýr: sauðfé, geitur, nautgrip og hreindýr. Orsök er lífseig baktería af berklaflökki (*Mycobacterium paratuberculosis*). Hún veldur bólgum í mjögörn og oft einnig í langa, ristli og lifur. Sýklarnir berast út með saurnum og geta lifað í umhverfinu mánuðum saman. Bakterían er mjög harðger, þolir t.d. mörg sótthreinsiefni. Sýking verður um munn með saurmenguðu fóðri og vatni. Meðgöngutími í fé er 1-2 ár eða lengri. Meðgöngutími í kúm er 2 ½ ár eða lengri.

Einkenni garnaveiki eru hægfara vanþrif, skituköst og deyfð þrátt fyrir sæmilega átlýst. Best er að fylgjast með þrifum (vigta) til að finna smitbera. Þar sem veikin kemur upp í óbólusettu fé getur verið margt um „heilbrigða“ smitbera. Garnaveiki er ólæknandi og dregur sýkt dýr óhjákvæmilega til dauða. Það getur hins vegar tekið langan tíma, oftast mánuði, eftir að fyrstu einkenni koma fram. Skilyrðislaust ætti að taka sýni úr öllum gripum sem lógað er vegna sjúkdóma eða vanþrifa, eða drepast af óþekktum orsökum.

Smitdreifing milli bæja verður fyrst og fremst við flutning á sýktum gripum frá garnaveikismitaðri hjörð. Einnig getur smit borist milli bæja með óhreinum skófatnaði. Ekki er hægt að útiloka smitdreifingu með heyi eða samnýtingu landbúnaðartækja. Nagdýr og vissar fuglategundir geta hýst bakteríuna og verið smitberar án þess að sýna sjúkdómseinkenni.

Innan hjarðar verður smitdreifing frá fullorðnum dýrum og frá umhverfinu yfir í ungvíði, einkum á húsi með saurmengun í drykkjarvatni og jötum, síður úti í haga nema smitmagn í umhverfinu sé þeim mun meira.

Næmi gagnvart smiti minnkar með aldrinum. Fóstur og ungdýr upp að fjögurra mánaða aldri eru móttækilegust. Eldri dýr smitast síður þó svo að þau geti sýkst ef smitálagið er mikið.

Greining sjúkdómsins í einstökum dýrum er miklum vandkvæðum bundin vegna þess að sjúkdómurinn þróast mismunandi í hverjum einstaklingi og svörun greiningarprófa er háð því á hvaða stigi sjúkdómurinn er. Ekkert greiningarpróf í lifandi dýrum gefur hundrað prósent tryggingu fyrir því að einstaklingur sé ekki smitaður þrátt fyrir að útkoman sé neikvæð.

Á vissu stigi sjúkdómsins má finna bakteríuna í saurum. Þó í mjög litlum mæli í upphafi sýkingar og síðar meir er útskilnaður mjög sveiflukenndur. Bakterían sést þá í smásjá eftir sérstaka sýklalítnun á slími úr saur eða slímhúð. Það afbrigði sýkilsins sem veldur sjúkdómnum hér á landi hefur reynst óræktanlegt í rannsóknarstofu. Blóðpróf, sem mæla mótefni gegn sýklunum er önnur greiningaraðferð. Prófið er ónákvæmt, hentar betur sem hjarðpróf en einstaklingspróf. Blóðpróf er ónothæft á bólusettu fé nema til að kanna bólusetningarárangur. Það greinir ekki á milli mótefna, sem myndast við bólusetningu og mótefna frá sýkingu með bakteríunni.

Eftirlitsdýralæknar í sláturhúsum skoða mjögörnina við langann og garnaeitlana í fullorðnum kindum og nautgripum. Sjái þeir einhverjar breytingar senda þeir sýni til Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum til nánari rannsóknar.

4. Lög og stjórnvaldsfyrirmæli um sauðfjársjúkdóma.

Um sóttvarnarsvæði (varnarhólf), sauðfjárveikivarnarlínur og flutning líflamba og fleira gilda eftirfarandi lög og stjórnvaldsfyrirmæli:

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

Reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 550/2008 um flutning líflamba milli landsvæða, með síðari breytingum.

Auglýsing nr. 793/2009 um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma, með síðari breytingum.

Reglugerð 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 1160/2013 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 52/2014 um tilkynningar- og skráningarskyldu dýrasjúkdóma.

5. Helstu skilgreiningar.

Í 4. gr. laga um dýrasjúkdóma eru meðal annars sóttvarnarsvæði og varnarlínur skilgreindar. **Sóttvarnarsvæði** eru landsvæði sem verða að afmarkast af varnarlínunum, ám, vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum **mynda farartálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra.**

Varnarlínur, þar með taldar girðingarlínur, mynda mörk sóttvarnarsvæða, sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur. Varnarlínur geta því verið eiginlegar girðingar, ár, vötn, sjór eða öræfi. Ráðherra ákveður, samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laganna, með auglýsingu skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

Stofnkostnaður og viðhald varnarlína greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 19. gr. laganna. Ríkissjóður leggur til efni í aukavarnarlínur, en uppsetning, rekstur og viðhald þeirra greiðist af viðkomandi sveitarsjóðum. Rísi ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur sker ráðherra úr þeim ágreiningi að fenginni umsögn Matvælastofnunar.

Samkvæmt framansögðu þá er eini munurinn á auka- og aðalvarnarlínunum sá að viðhald aðalvarnarlína greiðist úr ríkissjóði en viðhald aukavarnarlína greiðist af sveitarfélögum eða sveitarsjóðum.

Sé varnarlína lögð niður, geta sveitarfélögin í kring eða haghafar á svæðinu ákveðið að halda rekstri línunnar áfram og sjá um viðhald hennar í stað ríkisins. Staðsetning varnarlínunnar getur haft fjölþættari þýðingu en að viðhalda óbreyttri sjúkdómsstöðu sóttvarnarsvæða, til dæmis við að auðvelda smalanir

Skylt er að viðhalda varnarlínunum svo lengi að fullvíst þyki að búfjársjúkdómar, sem valdið geta stórfelldu tjóni, leynst ekki í búfé öðrum megin línunnar þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé að mati Matvælastofnunar, samkvæmt 23. gr. laganna.

Ráðherra er aðeins heimilt að leggja niður varnarlínur að fram hafi farið ítarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum sem að línunni liggja og að fengnum meðmælum Matvælastofnunar. Gefa skal aðliggjandi sveitarfélögum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust, enda taki þau ábyrgð á að girðing valdi ekki slysum eða tjóni, sbr. 2. mgr. 23. gr. laganna. Í framhaldinu er hægt að gera sér í hugarlund að sú varnarlína gæti orðið aukavarnarlína. Þá er varnarlínan ekki lögð niður heldur gerð að aukavarnarlínu.

Óheimilt er eins og áður segir að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema þegar um er að ræða endurnýjun bústofns vegna niðurskurðar af völdum sjúkdóma og/eða vegna búháttarbreytinga, ennfremur skal því sauðfé slátrað sem sleppur yfir varnarlínu. Það sauðfé sem fer eða er flutt yfir varnarlínu án heimildar er skilgreint sem **línubrjótar**. sbr. 25. gr. laganna og reglugerð nr. 651/2001. Skylt er að slátra línubrjótum og fyrir það eru greiddar bætur samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar.

Helstu skilgreiningar koma fram í fyrrgreindri reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar, með síðari breytingum, en þær eru:

Fjárskipti er þegar sauðfjárstofn jarðarinnar eða staðarins er felldur og nýr tekinn í staðinn. **Riðujörð** er bújörð, jörð með aðra stöðu, eða staður þar sem riða hefur greinst sl. 20 ár. **Umráðamaður sauðfjár** er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og skv. samningi milli aðila. **Áhættusvæði** er landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem hætta á riðusmiti er til staðar vegna samgangs og viðskipta með fé af sýktu svæði. **Sýkt svæði** er landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem riðuveiki hefur fundist sl. 20 ár. **Ósýkt svæði** er landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem riðuveiki hefur ekki fundist sl. 20 ár.

Samkvæmt framansögðu geta sýkt og ósýkt svæði verið innan sama varnarhólfs.

Líflambasölusvæði eru skilgreind í reglugerð nr. 550/2008 um flutning líflamba milli landsvæða. **Líflambasölusvæði** eru sóttvarnarsvæði eða landsvæði innan sóttvarnarsvæðis sem afmarkast af girðingum og/eða náttúrulegum hindrunum sem mynda farartálma eða hindrun á samgangi sauðfjár við svæði þar sem riðuveiki hefur greinst, og uppfylla ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt framansögðu geta **líflambasölusvæði** verið innan varnarhólfs, sóttvarnarsvæðis, sem hefur að geyma sýkt svæði. Líflambasölusvæðið verður hins vegar að vera afmarkað með einhverjum hætti, annað hvort af girðingum og/eða náttúrulegum hindrunum sem mynda farartálma eða hindrun á samgangi. Varnarhólfid þarf því ekki allt að vera líflambasölusvæði heldur getur aðeins hluti þess verið líflambasölusvæði.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar verður líflambasölusvæði að uppfylla eftirfarandi skilyrði :

- Riðuveiki má aldrei hafa greinst þar.
- Garnaveiki má ekki hafa greinst þar síðastliðin tíu ár.
- Girðingar og náttúrulegar hindranir umhverfis það skulu vera fjárheldar.
- Smitálag er lítið vegna riðuveiki á aðliggjandi sóttvarnarsvæðum.
- Sauðfé frá öðrum sóttvarnarsvæðum má ekki hafa verið flutt til lífs inn á svæðið síðastliðin tuttugu ár nema frá viðurkenndum líflambasvæðum.

6. Sex umdæmi héraðsdýralækna.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr er landinu skipt upp í umdæmi héraðsdýralækna sem afmarkast í sex umdæmisskrifstofur og við hverja þeirra skal héraðsdýralæknir ráðinn til starfa. Hér að neðan er umfjöllun um varnarhólf og varnarlínur í hverju umdæmi í samræmi við 11. gr. laganna.

a. Suðvesturumdæmi.

Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.

Í Suðvesturumdæmi er hluti af Landnámshólfi. Þrjár línur aðgreina hólfið frá öðrum hólfum. Hin hólfin sem tengjast Landnámshólfinu eru Vesturlandshólf að norðan og Grímsnes- og Laugardalshólf. Þær línur sem um ræðir eru Hvalfjarðarlína (lína 4) að norðan, Sogs- og Bláskógalína (2) að austan og Hvítárlína (1) að sunnan.

Eitt riðutilfelli hefur greinst Landnámshólfi á sl. 20 árum en það gerðist árið 2003 í Árnassýslu á bænum Breiðabólstað í Ölfusi. Þar er ekki haldið sauðfé nú.

Varnarlínur afmarka landsvæði, þær geta verið girðingar, ár, vatn, sjór eða öræfi en þær þurfa að mynda farartálma eða hindrun á samgangi dýra. Í tilviki varnarlína sem afmarka Landnámshólfið þá er Hvítárlína náttúruleg vörn fyrir utan smá girðingarstubb vestan megin Sogs við Klifsskóg. Sogs- og Bláskógarlína er girt í þjóðgarðinum á Þingvöllum sem skilur að Landnámshólf og Grímsnes- og Laugardalshólf.

Starfshópurinn leitaði upplýsinga um stöðu varnarlínanna á svæðinu. Þar kom fram að **Sogs- og Bláskógarlína** væri í slæmu ástandi frá Þrastarskógi niður að Sogsbrú en í heild væri línan í ágætis standi.¹ **Hvalfjarðarlína** er ekki góð girðing fyrir ofan Brunnavatn. Hvalfjarðarlína fékk lágmarksviðhald árið 2016 þar sem óvíst var hvort hún ætti að vera í gildi áfram og er ástand hennar mjög lélegt. Líklega þarf að girða hana alla upp á nýtt ef hún á að halda áfram.²

Konráð Konráðsson héraðsdýralæknir skilaði inn álitu sínu og kynnti það á fundi með starfshópnum 18. nóvember 2016. Í máli hans kom fram að hann væri aðeins að koma með mögulegar tillögur.

¹ Samkvæmt bréfi MAST til ráðuneytisins frá 6. febrúar 2015.

² Samkvæmt tölvupósti frá Bjarka Rafni Kristjánssyni 25. janúar 2017.

Í Landnámshólfi er garnaveiki og riðuveiki hefur greinst í hólfinu á sl. 20 árum samanber riðutilfellið frá 2003. Þar áður á Keldum í Reykjavík árið 1992. Miðað við 20 ára regluna eru 7 ár í að Landnámshólf verði riðufrítt ef engin ný tilfelli koma upp.

Að mati héraðsdýralæknis væri freistandi að leggja til að Hvalfjarðarlína verði lögð niður að því gefnu að mótvægisáðgerðum yrði beitt við Breiðabólstað í Ölfusi enda er hólfið að öðru leyti riðulaust.

Garnaveiki hefur greinst beggja vegna við Hvalfjarðarlínu, en bólusetningum er beitt gegn henni.

Héraðsdýralæknir ræddi það einnig, í ljósi þess að Grímsnes- og Laugardalshólf væri riðulaust svæði, að hugsanlega mætti leggja Sogs- og Bláskógalína niður og þar með yrðu þrjú hólf sameinuð, þ.e. Landnámshólf, Vesturlandshólf og Grímsnes- og Laugardalshólf.

Þessar hugmyndir setti hann aðeins fram sem róttækar hugmyndir að breytingu.

i. Niðurstaða starfshópsins að fundi loknum.

Starfshópurinn taldi að ef þessar breytingar yrðu framkvæmdar þá yrði hólfið orðið mjög stórt. Á þessu svæði væri þjóðgarður sem er friðaður og bannað að vera með sauðfé. Í Landnámshólfi er mikið um frístundabændur, mikið er um flutninga á sauðfé og er mestur innflutningur til landsins á þessu svæði í gegnum Reykjavík og Keflavík. Í ljósi þess hvað svæðið væri orðið stórt væri mjög erfitt að eiga við sjúkdóma á svæðinu. Ennfremur verður að skoða fjölda sauðfjár í Vesturlandshólfi. Yrði þessi hugmynd að veruleika væri allt Reykjanesið í sama hólfi og allt Vesturland. Hólfið næði norður að Hvammsfjarðarlínu, sem liggur úr Hvammsfirði milli Þorbergsstaða og Hrútsstaða um Laxárdalsheiði yfir í Hrutafjörð sunnan Fjarðarhorns.

Að endingu ber að minnast á að Vesturlandshólf er dæmi um ósýkt varnarsvæði þar sem riða greindist síðast í hólfinu árið 1971. Hins vegar er Landnámshólfið varnarsvæði sem er svæðisskipt vegna áhættusvæðis í kringum Breiðabólstað í Ölfusi vegna áðurnefnds riðutilfellis þar 2003.

Starfshópurinn leggur því til að varnarlínur í Suðvesturumdæmi haldist óbreyttar. Starfshópurinn leggur mikla áherslu á að forsenda þess er að ráðist verði í endurbætur á Hvalfjarðarlínu, til að hún verði sú hindrun sem hún þarf og á að vera.

b. Vesturumdæmi.

Akraneskaupstaður, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Kaldrananeshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbær, Reykhólahreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.

Starfshópurinn fékk til sín á fund 30. nóvember 2016 héraðsdýralækninn í Vesturumdæmi, Elísabetu Hrönn Fjóludóttur.

Þetta umdæmi er gríðarlega stórt og þar er stór hluti af sauðfé landsins. Á þessu svæði eru einnig tvö líflambasölusvæði. Starfshópurinn og héraðsdýralæknir voru sammála um að það þyrfti að vernda og halda við núverandi líflambasölusvæðum.

Þau hólf sem eru á svæðinu eru Vesturlandshólf, Snæfellsneshólf, Dalahólf, Vestfjarðarhólf eystra og Vestfjarðarhólf vestra. Engin riða hefur greinst í umdæminu á sl. 20 árum.

Eftirtaldar varnarlínur eru í umdæminu:

Hvalfjarðarlína (4), Snæfellslína (5), Hvammsfjarðarlína (6), Gilsfjarðarlína (7) og Kollafjarðarlína (8).

Ástand varnarlínanna:

Hvalfjarðarlína: Sjá umfjöllun í kafla um Suðvesturumdæmi hér að framan.

Snæfellslínu er mjög vel haldið við og ver hún líflambasölusvæðið Snæfellsneshólf. Hún var yfirfarin af Matvælastofnun árið 2013. Línan var girt upp að mestu árið 2014 og er að hluta rafmagnsgirðing.

Hvammsfjarðarlína og **Gilsfjarðarlína** eru í góðu ástandi enda í reglulegu viðhaldi. Mikilvægt er að þessum línum sé haldið vel við eins og síðustu ár.³

Héraðsdýralæknirinn nefndi sérstaklega Kollafjarðarlínu og lélegt ástand hennar. Línan er í raun orðin hættuleg. Það eru fáir sauðfjárbændur á Barðaströnd þar sem riðutilfelli komu upp á árunum 1974 til 1984. Það sauðfé sem fer yfir línuna fer frá austri til vesturs í botn Ísafjarðardjúps.

Héraðsdýralæknirinn mælti gegn því að Hvalfjarðarlína yrði lögð niður því þá væri hólfið orðið mjög stórt. Einnig væru frístundabændur í Landsnámshólfinu mjög margir og það væri mikið um garnaveiki í því hólfi, mun meira en í Vesturlandshólfinu.

i. Niðurstaða starfshópsins að fundi loknum.

Starfshópurinn ákvað að senda út tillögu til sauðfjárbænda á svæðinu, í bréfinu til bænda var starfshópurinn kynntur og að endingu kom neðangreint fram.

Tillögur til bænda.

Eftirfarandi tillögur eru til skoðunar:

Vesturland og Vestfirðir:

Gera Kollafjarðarlínu að aukavarnarlínu.

Gerð er grein fyrir viðbrögðum bænda við bréfinu í kafla 8. hér á eftir og tillögum starfshópsins í kjölfarið í kafla 9.

c. Norðvesturumdæmi.

Akrahreppur, Blönduósbær, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.

Starfshópurinn fékk sent álit Jóns Kolbeins Jónssonar héraðsdýralæknis í Norðvesturumdæmi. Hann kom á fund starfshópsins 30. nóvember 2016 og reifaði sína sýn á umdæmið. Á síðustu árum hafa hvað flest riðutilfelli greinst í umdæminu. Í umdæminu eru eftirfarandi hólf:

Miðfjarðarhólf (hreint hólf), **Vatnsneshólf** (þrjú riðutilfelli á sl. 20 árum, 1998, 1999 og 2015), **Húnahólf** (nú riðutilfelli á sl. 20 árum, 1998 til 2007), **Skagahólf** (11 riðutilfelli á sl. 20 árum, 2002 til 2016) og **Tröllaskagahólf** (fimm riðutilfelli á sl. 20 árum, öll nema eitt í norðausturumdæmi, 1997 til 2009).

Eftirtaldar varnarlínur eru í umdæminu:

Hvammsfjarðarlína (6), Tvídægrulína (9), Miðfjarðarlína (10), Vatnsneslína (11), Kjalarlína (12), Blöndulína (13) og Héraðsvatnalína (14)

Hvammsfjarðarlína, Tvídægrulína, Miðfjarðarlína og Kjalarlína eru almennt í góðu ástandi enda hafa þær fengið gott viðhald síðustu ár.⁴

Miðfjarðarhólfið er hreint hólf, í hólfinu hefur aldrei greinst hefðbundin riða. Hins vegar greindist Nor98 riða að Brautarholti í Hrótafirði árið 2008. Sjá umfjöllun hér að framan um Nor98 riðu. Starfshópurinn sér ekki fram á neina breytingu á hólfinu.

Í hinum hólfunum hefur reglulega greinst riða á síðastliðnum 20 árum. Í Vatnsneshólfi, síðast að Neðra-Vatnshorni, í Vestur-Húnavatnssýslu árið 2015. Í Húnahólfi, síðast að Kambshóli, í Vestur-Húnavatnssýslu árið 2007. Í Skagahólfi, síðast að Stóru-Gröf ytri árið 2016 en á síðustu tveimur árum hafa greinst fjögur tilfelli í hólfinu.

Héraðsdýralæknir umdæmisins skilaði inn eftirfarandi tillögum:

³ Samkvæmt bréfi MAST til ráðuneytisins frá 6. febrúar 2015.

⁴ Samkvæmt tölvupósti frá Bjarka Rafni Kristjánssyni 25. janúar 2017.

Leggur til að varnarhólfín Húnahólf og Skagahólf verði sameinuð því Blanda sem skilur þessi hólf að er engan veginn nægur farartálmi fyrir sauðfé, einnig vantar ristarhlið á báðar Blöndubryrnar. Sjúkdómastaðan í þessum hólfum er sú sama.

Það er garnaveikilaust í Vatnsneshólfi en þar greindist nýlega riða á Neðra-Vatnshorni, [en í Húnaþingi síðast á]⁵ Stórhól og Kambshól. Kambshóll er við Miðfjarðarlínuna. Leggur héraðsdýralæknir til að Vatnsneshólfi verði haldið óbreyttu með þeirri undantekningu að kannaður verði möguleiki á því að bæirnir Vigdísarstaðir, Neðra-Vatnshorn og Vatnshóll sameinist Skaga- og Húnahólfi. Gera þarf miklar endurbætur á Vatnsneslínu því Víðidalsáin er ekki búfjárheld, hvorki á sumrin þegar það er minnst í henni né þegar hana leggur á veturna.

Héraðsdýralæknir leggur til að Miðfjarðarhólfið sé áfram óbreytt. Gæta þarf sérstaklega að því þar sem sýkt svæði í öðrum hólfum eru við hlið þess.

Einnig taldi hann mikilvægt að viðhalda Tvídægurínu og Kjalarlínu.

Héraðsvatnalínan sem aðskilur Skagahólf og Tröllaskagahólf er virk enda er ennþá mikið vatn í Héraðsvötnum og Austari-Jökulsá.

Héraðsdýralæknir í Norðvesturumdæmi vill halda Gilsfjarðarlínu og Hvammsfjarðarlínu en það er meira á ábyrgð héraðsdýralæknis Vesturlands.

Héraðsdýralæknirinn á svæðinu vildi undirstrika það að ef ekki myndist nægjanlega gott girðingarstæði í gegnum eða við Ormsdalinn þá vill hann halda Vatnsneshófi. Hann benti á að varnargirðingin við Reyðarlækinn væri verulega ábótavant.

i. Niðurstaða starfshópsins að fundi loknum.

Ákveðið var að senda bændum tillögur héraðsdýralæknisins og kanna þeirra viðhorf. Ljóst var að hér var að einhverju leyti verið að leggja til róttækar breytingar. Mjög kostnaðarsamt yrði að leggja línu til að minnka Vatnsneshólfið. Héraðsdýralæknir benti hins vegar á í tölvupósti til formanns hópsins 12. desember 2016 að það gæti komið í veg fyrir að riðusmit myndi dreifast um Vatnsneshólfið sem væri til þess að þá myndu sparast margar milljónir vegna þess kostnaðar sem hvert og eitt smit kostar samfélagið. Það yrði meiri sparnaður þó það færi kostnaður í nýja girðingu.

Tillögur til bænda.

Vatnsneshólfið verði minnkað. Bæirnir Vigdísarstaðir, Neðra-Vatnshorn og Vatnshóll sameinist Skaga- og Húnahólfi. Lögð væri girðing frá Hvammstanga til að skilja að Vatnsneshólfið frá Skaga- og Húnahólfi.

Blöndulína verði lögð niður. Hún heldur illa sauðfé. Sjúkdómastaða hólfana er sú sama.

Gerð er grein fyrir viðbrögðum bænda við bréfinu í kafla 8. hér á eftir og tillögum starfshópsins í kjölfarið í kafla 9.

d. Norðausturumdæmi.

Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.

Í umdæminu eru eftirfarandi hólf:

Tröllaskagahólf (fimm riðutilfelli á sl. 20 árum, öll nema eitt í Norðausturumdæmi, 1997 til 2009), **Grímsey, Eyjafjarðarhólf, Skjálíndahólf** (eitt riðutilfelli á sl. 20 árum, árið 1999) og **Norðausturhólf** (eitt riðutilfelli á sl. 20 árum, árið 1997).

Eftirtaldar varnarlínur eru í umdæminu:

Eyjafjarðarlína (15), Sprengisandslína (16), Skjálíndalína (17), Fjallalína (18) og Smjörfjallalína (aukavarnarlína).

⁵ Innskot starfshópsins.

Ástand Eyjafjarðarlínu og Sprengisandslínu er ágætt. Skjálfandalína og Fjallalína eru náttúrulegar línur og mynda þannig farartálma. Smjörfjallalína er einnig náttúruleg lína. Sjá umfjöllun um hana í næsta kafla um Austurlandsumdæmi.

Ólafur Jónsson héraðsdýralæknir í umdæminu sendi starfshópnum álit sitt um umdæmið:

Hann reifaði hugmyndir sínar um að breyta Eyjafjarðarlínu. Fyrsta hugmynd var að miða hana við landamerki Akureyrar og Hörgársveitar en þar er nýleg girðing. Þar með yrði skiptingin í samræmi við sveitarfélagamörk. Með þessu myndi Tröllaskagahólf enda við bæjarmörk Akureyrar og þar tæki við nýtt Eyjafjarðarhólf. Í dag er línun austan megin í Eyjafjarðarsveit, sveitinni er því skipt í tvennt og af því hlýst mikið óhagræði fyrir bændur í sveitinni. Héraðsdýralæknir hafði sent starfshópnum þessar hugmyndir sínar í tölvupósti nokkru fyrr, en dró þær til baka á síðari stigum

Héraðsdýralæknir reifaði nýja hugmynd, að gera Eyjafjarðarlínu að hugsaðri línu sem myndi skilja að Eyjafjarðarsveitina og Þingeyjarsveit. Mikilvægt væri að Eyjafjarðarsveit væri öll innan sama hólfis og einnig aðskilja Eyjafjarðarsýslu og Suður – Þingeyjarsýslu.

Héraðsdýralæknir fór síðan yfir Smjörfjallalínu og stöðu líflambasölusvæðisins í Þistilfirði.

i. Niðurstaða starfshópsins að fundi loknum.

Starfshópurinn telur sér ekki kleift að gera tillögu um hugsaða línu. Það uppfyllir ekki skilyrði 7. mgr. 4. gr. laga um dýrasjúkdóma um varnarlínur og skilgreininguna á sóttvarnarsvæði en það er landsvæði sem afmarkast af varnarlínunum, ám, vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra.

Fulltrúa Bændasamtaka Íslands í starfshópnum var falið að ræða við bændur í Eyjafjarðar- og Tröllaskagahólfi um að leggja Eyjafjarðarlínu niður.

Eftir þær viðræður var ákveðið að leggja til við bændur að færa línuna og miða Eyjafjarðarlínu við Mjaðmá sem er austan við núverandi línu. Lína við sýslumörk er samkvæmt sumum bændum á svæðinu óraunhæf. Mjaðmáin er ágætlega fjárheld.

Tillögur til bænda.

Eyjafjarðarlína verði færð að Mjaðmá.

Gerð er grein fyrir viðbrögðum bænda við bréfinu í kafla 8. hér á eftir og tillögum starfshópsins í kjölfarið í kafla 9.

e. Austurumdæmi.

Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur.

Í umdæminu eru eftirfarandi hólf: **Norðausturhólf** (eitt riðutilfelli á sl. 20 árum, árið 1997), **Héraðshólf** (eitt riðutilfelli á sl. 20 árum, árið 1997), **Austfjarðahólf** (eitt riðutilfelli á sl. 20 árum, árið 1997), **Suðurfjarðarhólf** (fjögur riðutilfelli frá 1997 til 2005), **Suðausturlandshólf** og **Öræfahólf**.

Eftirtaldar varnarlínur eru í umdæminu:

Smjörfjallalína (aukavarnarlína), Jökuldalslína (19), Lagarfljótslína (20), Reyðarfjarðarlína (21), Hamarsfjarðarlína (22), Breiðamerkursandslína (23) og Skeiðarársandslína (24).

Hjörtur Magnason héraðsdýralæknir í umdæminu sendi starfshópnum álit sitt um umdæmið.

Reyðarfjarðarlína er í óvissu þar sem aðili sem hélt hluta af línunni við á eigin landi skv. samningi við skógræktina hefur hætt störfum. Það er verið að skoða mögulegar lausnir en það gæti verið að línun þyrfti nýtt girðingarstæði.

Héraðsdýralæknir taldi að það yrði að fara varlega í allar breytingar á svæðinu. Héraðshólf, Norðausturhólf og Austfjarðahólf yrðu ósýkt svæði áramótin 2017/2018 enda 20 ár frá því að riðutilfelli greindist síðast í áðurnefndum hólfum. Á síðastliðnum 16 árum hefur aðeins einu sinni

þurft að farga tveimur línubríótum sem fóru yfir Jökulsá á Fjöllum. Hann taldi enga þörf á að sameina hólf. Engar breytingar á svæðinu yrðu til batnaðar. Mikill árangur hefur náðst á þessu svæði við útrýmingu riðunnar og það yrði glannalegt að breyta eingöngu breytinganna vegna.

Héraðsdýralæknir ræddi einnig Smjörfjallalínu, þar er engin girðing eða náttúruleg vörn. Hann taldi línuna mjög skrítna. Aldrei hefur greinst riða norðan línunnar en þarna væri samt sem áður samgangur. Héraðsdýralæknir var sérstaklega beðinn um að útskýra Smjörfjallalínu.

Smjörfjallalínu væri ætlað að skilja að sauðfé úr Vopnafirði og Jökulsárhlíð/Jökuldal. Línan væri huglæg að því leyti að meiri hluti hennar er ekki girtur og samgangur sauðfjár er umtalsverður bæði norðan og austan við (þó mest að austan) án þess að „línubríótar“ væru felldir. Ætlast var til frá byrjun, að sauðfé sem fór yfir röngu megin ætti að fella sem hefðbundna línubríóta. Héraðsdýralæknir tekur fram að Smjörfjallalína sé illfær, langt á milli bæja vestar og afréttir víðáttumiklir á þessu svæði.

i. Niðurstaða starfshópsins að fundi loknum.

Starfshópurinn telur, í samræmi við mat héraðsdýralæknis, ekki rétt að gera tillögur um breytingar á varnarlínunum á svæðinu. Héraðsdýralæknir benti þó á að rétt væri að skoða breytta útfærslu á girðingu í Hrórastungu á Fljótsdalshéraði. Starfshópurinn telur rétt að gera það.

Eftirfarandi tillaga til bænda var mótuð.

Uptaka sauðfjárveikivarnagirðingar í Hrórastungu, Fljótsdalshéraði: Girðing frá ánni frá Litla Bakka að Húseyjargirðingu yrði fjarlægð. Ástæða tillögunnar er sú að girðingin sé óþörf þ.e.a.s. Jökla héldi sem varnarlína enda mikið vatn komið í hana utan við Hallgeirsstaði með Fossá og Kaldá utar. Einnig yrði skoðaður möguleiki á tilfærslu girðingarinnar þ.e. að girðingin yrði færð til vesturs, að bökkum Jöklu, á áreyrunum innan við Kaldhöfða.

Gerð er grein fyrir viðbrögðum bænda við bréfinu í kafla 8. hér á eftir og tillögum starfshópsins í kjölfarið í kafla 9.

f. Suðurumdæmi.

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.

Í umdæminu eru eftirfarandi hólf:

Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólf, Rangárvallahólf, Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (sex riðutilfelli á sl. 20 árum frá 2001 til 2010), **Biskupstungnahólf** (fjögur riðutilfelli á sl. 20 árum, öll árið 2004), **Grímsnes- og Laugardalshólf** og **Vestmannaeyjar**

Eftirtaldar varnarlínur eru í umdæminu:

Skeiðarársandslína (24), Tungnaárlína (25), Markarfljótslína (26), Þjórsárlína (27), Sprengisandslína (16), Hvítárlína (1), Brúarárlína (3), Kjalarlína (12) og Sogs- og Bláskógalína (2).

Varnarlínur í Suðurumdæmi markast margar hverjar af náttúrulegum hindrunum. Skeiðarársandslína, Markarfljótslína, Hvítárlína og Þjórsárlína eru dæmi um náttúrulegar línur. Umfjöllun um Kjalarlínu er í kaflanum um Norðvesturumdæmi.

Þorsteinn Ólafsson fv. sérgreinadýralæknir hjá MAST sendi starfshópnum upplýsingar um sitt mat á línunum á þessu svæði.

Hvítárlína sker Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf sem er riðuhólf frá hólfunum vestan við Hvítá. Hvítá er ágætis varnarlína en þegar henni sleppir fyrir norðan Bláfell tekur við vatnslítil Jökulkvísl inn í Hofsjökul, þar væri gott að hafa girðingu, en sú sem var þar er löngu ónýtt. Þar er ristarhlið sem Vegagerðin sér um. Þjórsárlína eru girðingar við virkjanir sem Landsvirkjun annast.

Riðukvöðin er ekki komin af Biskupstungnahólfi þannig að Brúarárlína á fullan rétt á sér og skilur á milli Biskupstungnahólfs og Grímsnes- og Laugardalshólfs: Riða greindist einu sinni í Laugardal fyrir meira en 30 árum og þar er bólusettt við garnaveiki, en það er ekki gert í Biskupstungnahólfi. Sogs- og

Bláskógalína skiptir kannski litlu máli í dag, vegna þess að það er ekkert fé lengur á síðasta riðubæ í Ölfusi.

Girðingarkostnaður er af Bláskógalínu fyrir norðan Þingvallavatn. Tungnaárlína í Kyólingum er orðin rafmagnsgirðing og virkar sem slík. Það þarf alltaf að fara með henni á hverju ári og hengja hana upp en annars er ástand nokkuð gott.⁶ Brúarárlína liggur um sumarbústaðalönd sem verja sig sjálf. Hliðið við gömlu Markarfljótsbrúna þarf að passa, en annars sér Vegagerðin um hliðið við Þjóðveg.⁷

Til viðbótar eru girðingastubbar sem gert er við eftir þörfum, t.d. við Þjórsá og við Jökulfall í Biskupstungum.⁸

Gunnar Þorkelsson héraðsdýralæknir í umdæminu ræddi við starfshópinn og reifaði álit sitt um umdæmið.

Héraðsdýralæknir taldi að allar línur á svæðinu væru ómissandi fyrir utan Sogs- og Bláskógalínu enda væri ekki mikið um sauðfé þar í kring. Hann fór varlega í að meta ástand varnarlína á hálendinu.

Hann taldi að færri og skilmerkilegri varnarlínur á landinu öllu yrði til bóta. Einfalda ætti kerfið eins og hægt væri. Ef sjúkdómastaðan væri eins þá ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að sameina hólfi.

i. Niðurstaða starfshópsins að fundi loknum.

Starfshópurinn leggur til að varnarlínur í umdæminu haldist óbreyttar.

7. Tillögur til bænda.

Eftirfarandi tillögur voru í heild sendar til bænda á þeim svæðum þar sem fyrirhugaðar breytingar voru íhugaðar:

a. Vesturumdæmi:

Gera Kollafjarðarlínu að aukavarnarlínu.

b. Norðvesturumdæmi.

Vatnsneshólfið verði minnkað. Bæirnir Vígðísarstaðir, Neðra-Vatnshorn og Vatnshóll sameinist Skaga- og Húnahólfi. Lögð yrði girðing frá Hvammstanga til að skilja að Vatnsneshólfið frá Skaga- og Húnahólfi.

Blöndulína verði lögð niður. Hún heldur illa sauðfé. Sjúkdómastaða hólfa er sú sama.

c. Norðausturumdæmi.

Eyjafjarðarlína verði færð að Mjaðmá.

d. Austurumdæmi.

Upptaka sauðfjárveikivarnagirðingar í Hróarstungu, Fljótsdalshéraði: Girðing frá ánni frá Litla Bakka að Húseyjargirðingu yrði fjarlægð. Ástæða tillögunnar er sú að girðingin sé óþörf þ.e.a.s. Jökla héldi sem varnarlína enda mikið vatn komið í hana utan við Hallgeirsstaði með Fossá og Kaldá utar. Einnig yrði skoðaður möguleiki á tilfærslu girðingarinnar þ.e. að girðingin yrði færð til vesturs, að bökkum Jöklu, á áreyrunum innan við Kaldhöfða.

8. Viðbrögð bænda.

a. Viðbrögð bænda við tillögum á Vesturlandi/Vestfjörðum.

Tillögur:

Gera Kollafjarðarlínu að aukavarnarlínu:

⁶ Samkvæmt tölvupósti frá Bjarka Rafni Kristjánssyni 25. janúar 2017.

⁷ Tölvupóstur frá Þorsteini Ólafssyni þann 6. október 2016.

⁸ Samkvæmt tölvupósti frá Bjarka Rafni Kristjánssyni 25. janúar 2017.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps skilaði inn umsögn, eftirfarandi er útdráttur úr hennar umsögn:

„Það sem við höfum mestar áhyggjur af, er að Vestfjarðarhólf eystra er hreint söluhólf, frá Reykhólahreppi og Strandabyggð eru líflömb seld víða. Kollafjarðarlína ætti að gegna þýðingamiklu hlutverki sem varnarlína vegna þess.

[Vísar hún í framhaldinu á síðu MAST en þar segir um líflambaflutninga;]

Til að hefta útbreiðslu smitsjúkdóma í sauðfé og stuðla að útrýmingu þeirra hefur landinu verið skipt upp í varnarhólf með svokölluðum varnarlínugirðingum. Ekki er heimilt að flytja lifandi fé milli varnarhólfa, þ.e.a.s. yfir varnarlínur, nema með leyfi.

Tæplega helmingur af söluaðilum líflamba eru í Vestfjarðarhólfi eystra, bæði í Reykhólahreppi og Strandabyggð.

Kollafjarðarlínu hefur ekki verið haldið við síðustu ár og liggur að einhverju leyti niðri. Fé gengur saman við fé frá Vesturbyggð (Barðaströnd) að einhverju leyti þegar það leitar yfir Kollafjarðarlínu yfir í Múlasveitina og í Ísafjarðardjúp, þ.e. hún heldur ekki fé lengur innan hólf vegna ásigkomulags. Að því sem ég best veit þá kom upp riða á Barðaströnd [1984], riða er óútreiknanleg og þurfa því að liggja haldbær rök fyrir því að gera línuna að aukavarnarlínu

[Í framhaldinu vísast til 19. gr. laga um dýrasjúkdóma] að uppsetning og viðhald greiðist af viðkomandi sveitarsjóðum þegar um aukavarnarlínu er að ræða.

Ákvæðið er að vissu leyti úrelt. Sveitarsjóðir eiga ekki að koma að sauðfjárveikivörnum, þar sem um er að ræða heildarhagsmuni allra landsmanna. Aukavarnarlínur hafa auk þess litla stöðu í dag, ekkert fé yrði veitt í þær af ríkissjóði miðað við hvernig aðalvarnarlínunum er haldið við.

Fjallskilanevnd og dreifbýlisnevnd Reykhólahrepps hafa lagt áherslu á Kollafjarðarlínu og hefur málefnið verið tíðrætt síðustu misseri í báðum nefndunum og leggja nefndarmenn áherslu á Kollafjarðarlínu sem aðalvarnarlínu.

Fjórðungsþing Vestfirðinga 2008 lagði áherslu á Kollafjarðarlínu.⁹

[Bendir] á að Kollafjarðarlína gegnir aukahlutverki, þ.e. byggðahlutverki, að halda fé frá eyðilöndum Múlasveitar og Djúps, þar sem land er erfitt yfirferðar og eftirleitir taka mikinn tíma frá bændum.

Þess má einnig geta að lagðar hafa verið niður línur nú síðast 2009, enn á eftir að fjarlægja sumar þeirra.“

Vilberg Þráinsson í Hríshóli skilaði einnig inn umsögn:

„[Langar að] áréttu mikilvægi þess á að halda við þessari girðingu sérstaklega í ljósi þess að við erum í hreinu hólfi sem höfum verið selja líflömb þegar hafa komið upp niðurskurðir í öðrum hólfum. Þá væri kannski mikilvægt að þar sem það kom upp sauðfjársjúkdómar á sínum tíma í Vestur Barðarstrandarsýslu, og þar sem við þekkjum ekki hvernig hegðun sjúkdómsins riðu er þá er skynsamlegt að halda áfram með þessa varnarlínu. Á hverju ári fara um 400 kindur yfir þessa varnarlínu úr gömlu Gufudalssveitinni þarna yfir og blandast þær eitthvað við fé frá Vesturbyggð sem er ekki mjög skynsamlegt.“

b. Viðbrögð bænda við tillögum fyrir Norðurland vestra.

Tillagan:

Vatnshólfíð verði minnkað. Bæirnir Vígdísarstaðir, Neðra-Vatnshorn og Vatnshóll sameinist Skaga- og Húnahólfi. Lögð yrði girðing frá Hvammstanga til að skilja að Vatnshólfíð frá Skaga- og Húnahólfi.

Blöndulína verði lögð niður. Hún heldur illa sauðfé. Sjúkdómastaða hólfanna er sú sama.

Stjórn Félags Sauðfjábænda í V-Hún skilaði af sér umsögn um fyrrgreinda tillögu á norðvesturlandi:

⁹ http://www.fjordungssamband.is/fjordungssambandid/53_fjordungsting/skra/96/

„Í tillögum þessum er komið með hugmyndir um breytingar á varnarlínum á okkar félagssvæði, það er að minnka Vatnsneshólf þannig að bæirnir Vigdísarstaðir, Neðra Vatnshorn og Vatnshóll verði færðir í Skaga og Húnahólf úr Vatnsneshólfi með girðingu frá Hvammstanga. Ekki er minnst á aðra bæi sem þarna eru t.d Grafarkot og Múla þar sem búið er með sauðfé og ekki önnur býli þar sem ekki er haldið sauðfé í dag hvað sem síðar verður. Ekki verður séð hvernig hægt er að skilja þessi býli eftir í Vatnsneshólfi.

Ekki er sagt í þessum tillögum hvert girðing frá Hvammstanga á að liggja en eftir samtal við Jón Kolbein héraðsdýralækni norðvesturumdæmis sem sagðist hafa komið með hugmynd að þessum breytingum þá á hún að liggja þvert yfir Vatnsnesfjall og í núverandi varnargirðingu sem liggur úr Miðfjarðarvatni og að Víðidalsá og skilur í dag að Vatnsneshólfi og Húnahólfi.

Eftir hafa skoðað málið og talað við ýmsa aðila sem kunnugir eru svæðinu og þekkja söguna þá finnst stjórn Félags sauðfjárbænda í V-Hún þessar tillögur með öllu óraunhæfar og fær ekki séð að þær muni gagnast á nokkurn hátt í baráttunni við riðusjúkdóminn.

Rökin eru eftirfarandi.

Mjög erfitt er að girða þvert yfir Vatnsnesfjall þannig að girðing sé til gagns. Vegalengd í beinni línu er um 14 km og er þá er ekki gert ráð fyrir hækkun lands sem er yfir 400 m. Við gefum okkur það að girt yrði á merkjum jarða þannig að möguleikar ábúenda á að nýta þær á eðlilegan hátt skerðist ekki.

Á Vatnsnesfjalli er mikið vetrarríki, iðulega mjög hvöss norðaustan átt og setur niður mikinn snjó flest ár. Viðhald á girðingunni yrði mikið ár hvert og kostnaðarsamt.

Snjór liggur lengi í sköflum þarna þó hann sé löngu farin heim við tún. Það þýðir að girðing yrði undir snjó fram á sumar og fáum við ekki séð hvað gæti hindrað að sauðfé kæmist yfir girðinguna eftir vild. Þessi girðing mun skerða mjög möguleika ábúenda til búskapar og taka fyrir þann möguleika að nýta leiguland handan girðingar til sumarþeir.

Ljóst er að það kostar umtalsvert fé að girða þessa varnarlínu og viðhald verður mjög kostnaðarsamt.

Í ljósi þess að ár hvert þurfa bændur og forsvarsmenn þeirra að hafa mikið fyrir því að fá nægt fjármagn í eðlilegt viðhald á þeim varnarlínum sem fyrir eru þannig að þær þjóni tilgangi sínum, finnst okkur það vægt til orða tekið stórfurðulegt og í raun galið ef fjármagn fæst í þessa girðingu en ekki í viðhald á þeim sem fyrir eru. Girðingu milli Húna og Vatnsneshólfs ætti að halda við að okkar mati enda dregur hún úr samgangi sauðfjár á svæði þar sem riða kom síðast upp.

Það er okkar skoðun að gera skuli allt sem hægt er til þess að verja „hreinu svæðin“ t.d Miðfjarðargirðingu úr Miðfirði í Arnarvatn og ver Miðfjarðarhólf og síðan línuna áfram austur sem varnar samgangi milli landshluta.

Að leggja Blöndulínu niður finnst okkur ekki ráðlegt og getum ekki með nokkru móti fallist á það að sjúkdómastaða sé sú sama báðu megin. Því miður 4 riðutilfelli á skömmum tíma austanmegin en um áratugur síðan tilfelli kom upp vestan við. Ef Blöndulína heldur illa sauðfé þá er ekki nema eitt ráð til í okkar huga. Gera hana fjárhelda.

Í okkar huga er það þetta sem á að leggja á aðaláherslu á..og svo að hvetja bændur og alla aðra að vera á varðbergi og fara eftir þeim lögum og reglum sem í gildi eru.“

Halldór Líndal Jósafatsson Vatnshól, Einar Rúnar Bragason Neðra-Vatnshorn og Indriði Karlsson Grafarkoti skiluðu af sér eftirfarandi umsögn:

„Við ábúendur jarðanna við enda Vatnsnesfjalls mótmælum tillögu að fyrirhugaðri girðingu sem liggja á þvert yfir Vatnsnesfjall, bæði er girðingastæðið mjög erfitt og girðingin verður væntanlega að hluta undir snjó þegar fé verður sleppt á vorin, einnig mundi þessi girðing skerða búskaparskilyrði þessara jarða þar sem þær hafa beitarafnot af jörðum í eigu sveitafélagsins. Einnig leigjum við tún og land fyrir utan fyrirhugaða línu.“

Stjórn Félags sauðfjárbænda í Austur-Húnavatnssýslu (FSAH) kom með eftirfarandi umsögn:

„Blöndulína

Í bréfinu kemur fram að Blöndulína haldi illa sauðfé og sjúkdómsstaða hólfanna sé sú sama. Stjórn FSAH er ekki sammála því að sjúkdómsstaða hólfanna sé sú sama. Í Skagahólfi hefur komið upp riða á fjórum bæjum á innan við 3 árum, síðast tvö tilfelli árið 2016. Í Húnahólfi hefur ekki komið upp riða síðan 2008. Þó svo að samkvæmt því teljist bæði hólfín „sýkt“, þá er ljóst að það ef Blöndulína verður ekki lögð niður, eru ekki nema 11 ár þangað til Húnahólf telst „ósýkt“ hólf, ef ekki koma upp ný tilfelli. Við þetta má bæta að ekki hefur komið upp riða í Austur-Húnavatnssýslu síðan 2005.

Vatnsneshólf

Stjórn FSAH leggst alfarið gegn því að Vatnsneshólfið verði minnkað og Vigdísarstöðum, Neðra-Vatnshorni og Vatnshóli verði bætt í Húnahólf. Er það einkum m.t.t. nýlegs riðutilfellis á Neðra-Vatnshorni auk þess sem fyrirséð er að þessi breyting yrði til mikilla vandkvæða fyrir fjáreigendur á þessum jörðum, sér í lagi vegna sumarþeir.

Landbúnaðarráð Húnaþing Vestra fundaði og skilaði inn eftirfarandi umsögn:

„Landbúnaðarráð er algjörlega mótfallið þeim hugmyndum sem fram koma hjá starfshópnum varðandi Vatnsneshólf. Svæðið sem um ræðir er erfitt og verður eflaust kostnaðarsamt að girða. Augljóst er að heimamenn hafi ekki verið hafðir með í ráðum. Þá þykir landbúnaðarráði merkilegt að þegar ekki fáist fjármagn til viðhalds girðinga sem eru til staðar að áætlað sé að fara í kostnaðarsamar nýframkvæmdir sem ekki er augljóst að skili árangri.“

Bændur í Skagafirði voru í óformlegum tölvupóstsamskiptum við fulltrúa bænda í hópnum. Þar kom fram að mikilvægt væri að viðhalda varnarlínunum svo þær stæðu undir nafni. Ekki kom fram skýr afstaða bænda til tillaganna.

c. Viðbrögð bænda við tillögum á Norðurlandi eystra.

Tillagan:

Eyjafjarðarlína verði færð að Mjadmá.

Viðbrögð:

Rætt var við bændur á því svæði sveitarfélagsins sem varnarlínun liggur um og gera þeir ekki athugasemdir við breytingu á henni, það er að hún verði færð að Mjadmá eins og við höfum lagt til og kemur fram í tillögum ykkar um varnarlínur.

Það er hins vegar annað mál hver á fjarlægja þá girðingu sem nú er, en hún verður óþörf eftir þessa breytingu. Það væri gott að fá svar við því.

d. Viðbrögð bænda við tillögum á Austurlandi.

Tillagan:

Upptaka sauðfjárveikivarnagirðingar í Hróarstungu, Fljótsdalshéraði: Girðing frá ánni frá Litla Bakka að Húseyjargirðingu yrði fjarlægð. Ástæða tillögunnar var sú að girðingin væri óþörf þ.s. Jökla héldi sem varnarlína enda mikið vatn komið í hana utan við Hallgeirsstaði með Fossá og Kaldá utar. Einnig möguleiki á tilfærslu girðingarinnar þ.e. að girðingin yrði færð til vesturs, að bökkum Jöklu, á áreyrunum innan við Kaldhöfða.

Viðbrögð:

- i. Samkvæmt Sveini Vilberg Stefánssyni á Haugum í Skriðdal hafa bændur rætt þetta á svæðinu og allir tala þeir um að þessi girðing sé algjörlega óþörf.
- ii. Samkvæmt Aðalsteini Jónssyni frá Klausturseli á Jökuldal þá girti Landsvirkjun girðinguna á sínum tíma meðfram Jöklu eftir að Kárahnjúkavirkjun var byggð, af því að Jökla er ekki fjárheld eftir. Hann hafði ekki alveg skilning á af hverju ætti að rjúfa línuna á þessum kafla.

- iii. Sveinn Vilberg kynnti þær upplýsingar sem hann hafði aflað, meðal annars hjá bændum á svæðinu sitthvoru megin við umrædda varnarlínu. Í hans máli kom fram að ekki er einhugur meðal bænda á svæðinu um hvort áin sé fjárheld varnarlína og höfum við ekki aðrar forsendur til að meta það. Af þeim sökum getur stjórn FSHF ekki mælt með upptöku girðingarinnar frá Litla-Bakka að Húseyjargirðingu en mótmælir ekki breyttri legu girðingarinnar.

9. Niðurstöður hópsins.

a. Suðvesturumdæmi.

i. Hvalfjarðarlína.

Í máli héraðsdýralæknis í Suðvesturumdæmi kom fram að hann legði til að Hvalfjarðarlína yrði mögulega lögð niður. Það kemur fram hjá fjármálastjóra Matvælastofnunar að varnarlínan er mjög léleg og þarfnast mikils viðhalds.

Í VIÐAUKA I kemur fram að sauðfé í Landnámshólfinu er 8714 talsins á 116 búum, það er að meðaltali 75 fjár á hverju búi en fjöldi sauðfjár í Vesturlandshólf er 53052 á 293 búum eða 181 að meðaltali á hverju búi. Vesturlandshólfið hefur að geyma mestan fjölda sauðfjár á hvert varnarhólf á landinu. Vesturlandshólfið er ósýkt svæði, riða hefur ekki greinst síðan 1971, en þar greinist hins vegar garnaveiki. Landnámshólf er sýkt hólf að hluta en þar greindist síðast riða árið 2003. Starfshópurinn ræddi um að ef þessar breytingar kæmu til yrði að gera ráðstafanir varðandi sýkta hluta hólsins, þ.e. að afmarka hann frá hreina hlutanum. Einnig yrði hólfið mjög stórt. Á þessu svæði væri þjóðgarður sem er friðaður og bannað að vera með sauðfé. Í Landsnámshólfi er mikið um frístundabændur og er mestur innflutningur til landsins á þessu svæði í gegnum Reykjavík og Keflavík. Í ljósi þess hvað hólfið yrði víðfeðmt yrði mjög erfitt að eiga við sjúkdóma á svæðinu. Ennfremur verður að taka tillit til fjölda sauðfjár í Vesturlandshólfi, en Reykjanesið yrði í sama hólfi og allt Vesturland, allt norður að Hvammsfjarðarlínu, sem mörkuð er úr Hvammsfirði milli Þorbergsstaða og Hrútsstaða um Laxárdalsheiði í Hrútafjörð sunnan Fjarðarhorns.

Starfshópurinn leggur því til að Hvalfjarðarlínu verði haldið við og hún gerð fjárheld enda þarf hún að verja fjármesta hólf landsins.

ii. Aðrar varnarlínur í umdæminu.

Starfshópurinn leggur til að varnarlínur í Suðvesturumdæmi haldist óbreyttar. Starfshópurinn leggur mikla áherslu á að ráðist verði í endurbætur á Hvalfjarðarlínu, til að hún verði sú hindrun sem hún þarf að vera.

b. Vesturumdæmi.

i. Kollafjarðarlína.

Kollafjarðarlína er samkvæmt héraðsdýralækni og bændum á svæðinu, hættuleg og gagnslaus. Það er ljóst að það þarf að gera breytingar á stöðu Kollafjarðarlínu. Helsta áhyggjuefni heimamanna og starfshópsins er að Vestfjarðarhólf eystra er líflambasöluhólf og Kollafjarðarlína eða einhver önnur hindrun þarf að verja það. Vestfjarðarhólf vestra er ósýkt svæði, eins og þau eru skilgreind í reglugerð nr. 651/2001 en uppfyllir ekki skilyrði þess að vera líflambasölusvæði, enda hefur riða greinst í hólfinu fyrir 33 árum síðan.

Ef leggja á Kollafjarðarlínu niður og fjarlægja hana þá þarf að gera ráðstafanir til þess að afmarka þau svæði þar sem riða hefur greinst. Það þurfa að vera einhverjir tálmar á milli svæðisins, þar sem greinst hefur riða, og líflambasölusvæðisins.

Starfshópurinn leggur því til að ekki verði hróflað við núverandi líflambasölusvæði hvort sem Kollafjarðarlína verði fjarlægð eður ei. Varnarlína eða aðrir tálmar á þessu svæði þurfa aðeins að hafa einn tilgang, þ.e. að einangra svæðin þar sem riða hefur greinst frá líflambasölusvæðinu.

Starfshópurinn telur að það muni í heildina ekki leysa neitt ef Kollafjarðarlína verði gerð að aukavarnarlínu enda er eini munurinn á þeim og aðalvarnarlinum að kostnaður vegna viðhalds er á vegum sveitafélaga í stað ríkisins.

Starfshópurinn leggur því til að núverandi líflambasölusvæði í Vestfjarðarhólfi eystra verði haldið við hvað svo sem gert verði við Kollafjarðarlínu. Næstu skref væru að meta sérstaklega stöðuna á svæðinu s.s. kostnaðinn við að koma Kollafjarðarlínu í ásætlanlegt horf og einnig að meta hvort og þá hvaða aðrir valkostir geta verið fyrir hendi til að ná ofangreindum markmiðum um verndun líflambasölusvæðisins. Þetta þarf að gera í samráði við bændur á svæðinu.

ii. Aðrar varnarlínur í umdæminu.

Starfshópurinn leggur til að aðrar varnarlínur á svæðinu haldist óbreyttar.

c. Norðvesturumdæmi.

Það voru lagðar fram tvær tillögur fyrir bændur á svæðinu. Þær snérist um breytingar á Vatnsneshólfi og Blöndulínu.

i. Vatnsneshólf.

Það kemur fram í umsögnum bænda að það sé mjög erfitt að girða þvert yfir Vatnsnesfjall þannig að girðingin yrði til gagns. Vegalengdin í beinni línu er um 14 km og það er hækkun lands yfir 400 m. Á fyrrihuguðu svæði er mikið vetrarríki. Viðhald girðingarinnar yrði mikið ár eftir ár. Girðingin yrði að hluta til undir snjó og fram á sumar og því gæti sauðfé komist óáreitt yfir girðinguna. Með framangreint í huga og aðrar umsagnir bænda á svæðinu þá er **það niðurstaða starfshópsins að halda Vatnsneshólfinu óbreyttu.**

ii. Blöndulína.

Sjúkdómastaða varnarhólfanna er sú sama ef horft er til þess að í báðum varnarhólfum hefur greinst riða á sl. 20 árum. Hins vegar verður að líta til þess að í Húnahólfi greindist síðast riða árið 2007 en í Skagahólfi greindist síðast riða á síðasta ári. Húnahólf mun því teljast vera ósýkt hólf eftir tíu ár ef ekkert nýtt tilfelli kemur upp. Starfshópurinn fellst á röksemdir bænda á svæðinu **og gerir tillögu um að Blöndulína verði áfram varnarlína.** Starfshópurinn vill einnig benda á að svo Blanda virki sem skyldi sem varnarlína þá verður að setja ristarhlið sitt hvoru megin við Blöndubrú. Það er ekki kostnaðarsöm aðgerð en það ætti að hjálpa umtalsvert við að gera Blöndu fjárhelda.

iii. Aðrar varnarlínur í umdæminu.

Starfshópurinn leggur til að aðrar varnarlínur á svæðinu haldist óbreyttar.

d. Norðausturumdæmi.

i. Eyjafjarðarlína.

Bændur á svæðinu eru sammála tillögum starfshópsins um að færa Eyjafjarðarlínu að Mjaðmá að Skjónafelli og að Miklafelli í Hofsjökli. Mikilvægt er að Eyjafjarðar- og Þingeyjarsveit, hvor um sig, sé innan sama hólfis og aðskilja sveitirnar. Þessi tilfærsla kemst næst því. Tillagan er kostnaðarlítill.

Með tillögunni er komið til móts við óskir Eyjafjarðarsveitar um að leggja girðinguna niður enda er árlegt viðhald á henni að hlaupa á nokkru hundruðum þúsunda. Efsti hluti línunnar er oft undir snjó langt fram eftir sumri og því hafa menn ekki komist í viðhald fyrr en síðla sumars og af þeim sökum hefur fé farið þar yfir.

ii. Aðrar varnarlínur í umdæminu.

Starfshópurinn leggur til að aðrar varnarlínur á svæðinu haldist óbreyttar.

e. Austurumdæmi.

i. Jökla.

Lagt var til við bændur að taka upp sauðfjárveikivarnagirðingar í Hróarstungu, Fljótsdalshéraði: Girðing frá ánni frá Litla Bakka að Húseyjargirðingu yrði fjarlægð. Ástæða tillögunnar var sú að girðingin væri óþörf þ.e.a.s. Jökla héldi sem varnarlína enda mikið vatn komið í hana utan við Hallgeirsstaði með Fossá og Kaldá utar. Einnig möguleiki á tilfærslu girðingarinnar þ.e. að girðingin yrði færð til vesturs, að bökkum Jöklu, á áreyrunum innan við Kaldhöfða.

Bændur á svæðinu eru ekki á einu máli um nauðsyn þessarar girðingar. Girðingin var á sínum tíma lögð því Jökla var ekki fjárheld. Það hefur ekki breyst. Starfshópurinn sér ekki ástæðu til að leggja til að nýleg girðing skuli fjarlægð þegar áin er ekki að fullu fjárheld. Starfshópurinn leggur því til að girðingin haldist óbreytt.

ii. Aðrar varnarlínur í umdæminu.

Starfshópurinn leggur til að aðrar varnarlínur á svæðinu haldist óbreyttar.

f. Suðurumdæmi.

Starfshópurinn leggur til að varnarlínur í umdæminu haldist óbreyttar.

g. Almennar athugasemdir starfshópsins.

Starfshópurinn telur mikilvægt að öllum varnarlínum sé haldið við og fjármagn sett í þær til þess að þær geti þjónað þeim tilgangi sem lagt er upp með. Varnarlínum er ætlað að mynda farartálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra. Ennfremur er þeim ætlað að vera mörk milli sóttvarnarsvæða. Ef þær eru í svo slæmu ástandi að þær geta ekki sinnt þessu hlutverki þá á að fjarlægja þær eða leggja til þeirra fjármuni svo þær geti sinnt þessu.

Starfshópurinn telur ennfremur að mikilvægt sé að skilgreina aukavarnarlínur betur en gert er í núgildandi reglum.

Starfshópurinn bendir á að ef fjarlægja á varnargirðingar þá skulu þær fjarlægðar. Bændur hafa kvartað yfir því að upptaka á aflögðum varnargirðingum hafi ekki alltaf verið sinnt að öllu leyti. Er mælt til þess að íslensk stjórnvöld fjarlægji varnargirðingar um leið og þær eru aflagðar.

10. VIÐAUKI I

Fjárfjöldi innan hvers hólf í lok árs 2015.

Landnámshólf: 8714 á 116 búum

Vesturlandshólf: 53052 á 293 búum

Snæfellsneshólf: 8715 á 103 búum

Dalahólf: 27537 á 79 búum

Vestfjarðahólf eystra: 21891 á 78 búum

Vestfjarðahólf vestra: 15461 á 96 búum

Miðfjarðarhólf: 17391 á 48 búum

Vatnsneshólf: 8793 á 29 búum

Húnahólf: 29535 á 81 búi

Skagahólf: 37408 á 182 búi

Tröllaskagahólf: 35752 á 255 búum

Grímsey: 153 á 2 búum

Eyjafjarðarhólf: 14852 á 92 búum

Skjálfandahólf: 22338 á 127 búum

Norðausturhólf: 38000 á 117 búum

Héraðshólf: 15753 á 48 búum

Austfjarðahólf: 11378 á 68 búum

Suðurfjarðahólf: 14971 á 54 búum

Suðausturlandshólf: á 16614 67 búum

Öræfahólf: 4384 á 10 búum

Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólf: 27268 á 129 búum

Rangárvallahólf: 26653 á 214 búum

Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf: 15458 á 165 búum

Biskupstungnahólf: 3866 á 25 búum

Grímsnes- og Laugardalshólf: 3066 á 20 búum

Vestmannaeyjar: 267 á 8 búum

11. VIÐAUKI II

